

HUGSANIR

þú
sólargeisli
umvefðu mig
ég þarf birtu þína og hlýju
veittu mér sýn
í heim okkar að nýju

eitt sinn las ég ljóð
það var torrætt og táknfullt
skáldið opinberaði heimssýn sína
til umhugsunar fyrir aðra
þetta ljóð var að ég held um lífið
erfiðleika sigrar töp hatur og ást
reyndar var þetta lítið ljóð
lítið ljóð á stóru blaði
í sannleika sagt skil ég ekki ljóðið
samt er skáldið þekktur maður
maður sem við lítum upp til
eitt sinn var ég drukkin
það var ágætt
ég var með vini mínum
hann var líka drukkin
hann talaði um lífið
erfiðleika sigrar töp hatur og ást
í sannleika sagt skil ég hann betur en skáldið
samt er hann enn ein fyllibyttan
maður sem við hlustum aldrei á

hér áður varst þú ég
síðan skildum við
og ég varð þú

hæ

hæ

tvö orð

tvær manneskjur

augun leyndu engu

hvað segir þú?

allt fínt en þú?

sjáumst

bið að heilsa

bless